

Því dæmist rétt vera:

Afryjendurnir, Sigurður Sigurfinnsson, Arni Filippusson og Jón Einarsson fyrir hönd Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Sigurðar Lýðssonar í þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 27. júlí.

Nr. 53/1913

Sveinn Björnsson f. h. Oluf Holm.
gegn

Lyder Höydal og Jens L. Ouse.

Dómur:

Í nóvembermánuði 1910 gerðu þeir, áfryjandi þessa máls, Oluf Holm kaupmaður í Aalesund og hinir stefndu Lyder Höydal og Jens L. Ouse kaupmenn í Vestmannaeyjum félag með sér um lýsisbræðslu þar og útflutning á lýsi og hrögnum; skyldi hver þeirra vera hluttækur í félaginu að $\frac{1}{3}$ hluta. Félagssamningur var gerður og dags. í Aalesund 3. nóv. s. á. og í Vestmannaeyjum 14. s. m. og þar tiltekið hvað semjendur hver um sig skyldu leggja fram til félagsskaparins. Um Holm var svo ákveðið, að hann skyldi leggja félaginu til peninga eftir þörfum, svo og þjaturtunnur, áhöld o. s. frv. sem á þyrfti að halda, gegn venjulegum bankavöxtum, og ennfremur, að félagið skyldi taka við þjaturtunnum, áhöldum o. s. frv.,

er Holm átti þá í Vestmannaeyjum með því verði, er tilgreint væri í bókum hans. Rúmu ári síðar var félagskap þessum slitið, og gerði Holm þá, að því er ætla má, 5. des. 1911 lokareikning félagsins. Á þessum reikningi voru taldar með tekjum félagsins birgðir í Hafnarfirði og Vestmanneyjum af tunnum og öðrum ílátum og áhöldum fyrir samtals kr. 7936.00. Birgðir þessar allar telur Holm vera eign sína, en þeir Höydal og Ouse líta svo á, að þær séu eign þeirra allra að $\frac{1}{3}$ hluta hvers, og neituðu þeir því að láta af hendi við Holm meir en $\frac{1}{3}$ hluta birgðanna, er þeir töldu hann eiga. Holm höfðaði þá mál þetta fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu gegn hinum stefndu og krafðist þess, að þeir yrðu dæmdir in solidum, subsidiært hver fyrir sig, að viðlögðum dagsektum, til að afhenda sér ýms lýsisbræðslutæki, tuunur, verkfæri o. s. frv., samtals 7936 króna virði, til vara, að þeir yrðu dæmdir til að greiða sér andvirði þessara tækja. Svo krafðist hann og, að sér yrðu dæmdar hjá stefndu 10000 kr. í skaðabætur fyrir afnotamissi tækjanna og annað tjón út af haldi stefndu á þeim, og málskostnaður hjá þeim in solidum að skaðlasu eftir mati réttarins. Málið var dæmt í nefndum rétti 20. júní f. á., á þá leið að stefndu skyldu in solidum, að viðlögðum 5 kr. dagsektum, afhenda áfrýjanda $\frac{1}{3}$ hluta af munum þeim, er tilfærðir voru á réttarskjali nr. 5 í málinu, eins og sú upptalning væri leiðrétt í dómnum, þó þannig, að ódeilanlegir munir greiðist með því verði, sem áfrýjandi hafi sett á þá í sama réttarskjali. Svo skyldi áfrýjandi og greiða stefnda 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. nóv. f. á., og krafist þess, að hon-

um verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir gestaréttinum verði teknar til greina, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. En stefndu krefjast þess aftur á móti að dómurinn verði í öllum greinum staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Að því er séð verður af félagssamningnum 3. og 14. nóv. 1910 og lokareikningi félagsins, verður að fallast á það, er stefndu halda fram, að umstefndir munir hafi verið eign félagsins, eða sameign málsaðila að jöfnum hlutum. Eftir samningnum átti áfrýjandi að leggja félaginu til (holde til Forretningen) þjáturtunnum, áhöldum og s. frv., gegn venjulegum bankavöxtum, en þetta virðist eiga að skilja svo, að áfrýjandi hafi lofað að lána félaginu peninga til að kaupa þessi tæki gegn venjulegum bankavöxtum, en ekki leigja þau félaginu, enda er hvergi minst á leigu af þeim, og síðar í samningnum segir beint, að tunnur, áhöld o. s. frv., sem áfrýjandi átti þá í Vestmannaeyjum, skuli ganga til félagsins (overføres Forretningen) með því verði, er þau séu bókfærð fyrir; og reikningurinn tekur af öll tvímæli um þetta, því að þar er kaupverð áhaldanna talið félaginu til útgjalda, og í niðurlagi reikningsins eru áhaldabirgðirnar sundurliðaðar og verðlagðar, og andvirði þeirra talið með tekjum félagsins.

En þó að þetta væri svo, meðan félaginu var óslitið, þá verður eigi betur séð, en að áfrýjandi hafi orðið eigandi allra þessara birgða, þegar hann gerði hinum stefndu reikningsskil við félagsslitin, því að í þeim reikningi taldi hann, eins og þegar er sagt, andvirði birgðanna með tekjum félagsins, þannig, að þetta andvirði var falið í

tekjuafganginum, eða ágóða félagsins, en þessum ágóða skifti áfrýjandi jafnt milli þeirra þriggja félaga, og í sérreikningum stefndu við télagið gerði hann þeim full skil fyrir þeirra hluta af ágóðanum samkvæmt lokareikningnum. Hinir stefndu viðurkendu reikningsskilin að því leyti, að annar þeirra, Lyder Höyðal, gaf áfrýjanda kvittun fyrir því, er hann, samkvæmt sérreikningi hans átti inni hjá félaginu, og að hinn, Jens. L. Ouse, gaf út viðurkenningu fyrir því, er hann skuldaði félaginu samkvæmt sérreikningi hans; gerðu þeir þetta báðir fyrirvaralaust. En þeir halda því þó fram, að þeir hafi eigi með þessu játað reikningsskil áfrýjanda rétt, enda séu þau að ýmsu leyti röng þeim í óhag, og það svo, að þeir eigi rétt á að fá leiðréttingu á því. En aðfinslur stefndu við reikninginn, þær er getið er í varnarskjöllum þeirra, geta eigi komið til álita í þessu máli, bæði af því, að sönnun brestur fyrir þeim, og af því, að þær koma eigi við efni þessa máls, eignartilkallið til hinna umstefndu áhaldabirgða, því að stefndu hafa eigi fundið að því, að andvirði birgðanna var talið í reikningnum með tekjum félagsins og að því var skift milli þeirra félaga, né heldur hafa þeir vefengt það, að andvirðið væri rétt talið í reikningnum.

Með því að stefndu hafa þannig mótmælalaust tekið við af áfrýjanda þeirra hluta af andvirði umstefndra áhaldabirgða, verður að líta svo á, að hann sé eigandi birgðanna allra. Þó ber samkvæmt leiðréttingu áfrýjanda fyrir gestaréttinum, að telja frá birgðum þeim, sem tilgreindar eru í lokareikningnum, þessi áhöld: 20 tómar fót á kr. 4.50 hvert, 20 tómar pjáturtunnur á 6.50 hverja og 100 stórkörfur á kr. 2.75 hverja. En það sem þá er eftir af

birgðum þessum verður að dæma stefndu til að láta afhendi við áfrýjanda.

Ennfremur þykir áfrýjandi eiga rétt á endurgjaldi fyrir mist afnot af $\frac{2}{8}$ hlutum birgðanna — $\frac{1}{8}$ hluta tjást stefndu frá upphafi hafa boðið áfrýjanda að afhenda honum, og er því eigi mótmælt — og virðist það eftir atvikum og með hliðsjón af verðmæti birgðanna hæfilega ákveðið 600 krónur, er hinum stefndu ber að greiða honum einum fyrir báða og báðum fyrir einn.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að hinir stefndu greiði kostnað þess með 80 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Lyder Höydal og Jens L. Ouse, ber að selja áfrýjanda Sveini Björnssyni fyrir hönd Oluf Holm í hendur birgðir þær af áhöldum til lýsisbræðslu o. fl., sem taldar eru í félagsslitareikningi málsaðila í desember 1911, að frátöldum framangreindum ílátum. Svo greiði stefndu og áfrýjanda fyrir afnotamissi 600 kr. einn fyrir báða og báðir fyrir einn og ennfremur málskostnað in solidum með 80 krónum.

Dóminum að fullnægja á 8 vikna fresti frá löglegri birtingu hans, að vjðlagðri lagaaðför.